

# Viðauki við þjónustusamning um kennslu og rannsóknir fyrir árin 2012 – 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskólans á Bifröst

## 1. gr.

Gildistími, sbr. grein 9.1., í þjónustusamningi um kennslu og rannsóknir milli mennta- og menningarmálaráðuneytis kt. 460269-2969 og Háskólans á Bifröst ses., kt. 550269-3209, dags. 27.01.2012 framlengist til 31.12.2017.

Úttekt á framkvæmd samningsins skv. grein 9.7. frestast að sama skapi um eitt ár.

Viðauki við samninginn framlengist einnig til 31.12.2017.

## 2. gr.

Í stað tilvísana til ákvæða laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 kemur vísun til ákvæða laga um opinber fjármál nr. 123/2015, þannig:


- Í gr. 5.6. er framvegis átt við 32. gr. laga um opinber fjármál.
- Í gr. 7.4. er framvegis átt við 32. gr. laga um opinber fjármál.

## 3. gr.

Til samræmis við fyrrgreinda lagabreytingu verða eftirfarandi breytingar á grein 5:

- Í stað greinar 5.1. kemur ný grein með sama númeri, svohljóðandi: Rekstrarframlag ríkisins til skólans á grundvelli samning þessa er sett fram á grundvelli fjárheimilda sem Alþingi ákvarðar í fjárlögum hvers árs sbr. 21. gr. laga um háskóla og 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í stað greinar 5.2. kemur ný grein með sama númeri, svohljóðandi: Fjárhæðir í samningnum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum, hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast um sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingum til verkefnisins skulu aðilar taka upp viðræður um að aðlaga rekstur verkefnisins að breyttri fjárveitingu.

Reykjavík og Bifröst 21. febrúar 2017

  
f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
Rektor Háskólans á Bifröst